

REGLUGERÐ

um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

I. KAFLI

Orðskýringar.

1. gr.

„Erlendur gjaldeyrir“: Slegnir peningar, peningaseðlar, tékkar og aðrar ávísanir, víxlar, verðbréf og skuldbindingar sem hljóða upp á greiðslur í erlendri mynt, ennfremur minnispeningar, gull, silfur og aðrir dýrir málmar ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum.

„Að selja erlendan gjaldeyri“ er að láta hann af hendi fyrir íslenskan gjaldmiðil eða aðra greiðslu, í hverju sem fólgin er, en „að kaupa erlendan gjaldeyri“ er að fá hann fyrir íslenskan gjaldmiðil eða aðra greiðslu, í hverju sem fólgin er.

„Gjaldeyriseftirlitið“: Sú deild Seðlabankans sem hefur eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum samkvæmt gildandi lögum og reglum.

„Verðbréf“: Hlutfé, hlutdeildarskírteini, skuldabréf, líftryggingarskírteini, arðmiðar o.þ.h.

„Innlendir aðilar“: Einstaklingar, búsettir hér á landi, án tillits til ríkisfangs, fyrirtæki sem eru skrásett hér á landi og erlendir einstaklingar og fyrirtæki, búsett eða skrásett erlendis, að því leyti sem þau reka starfsemi hér á landi.

„Erlendir aðilar“: Aðrir en „innlendir aðilar“ skv. skýrgreiningunni hér að framan.

II. KAFLI

Um innflutning o.fl.

2. gr.

Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjálts nema annað sé ákveðið í lögum, svo og reglugerðum eða auglýsingum.

Fjármagnsgreiðslur, svo og þjónustugreiðslur til annarra landa, skulu háðar gjaldeyrisleyfum nema annað sé ákveðið í reglum sem viðskiptaráðuneytið setur.

3. gr.

Viðskiptaráðherra skipar samstarfsnefnd um gjaldeyrismál er skipuð skal fulltrúum viðskiptaráðuneytisins, Seðlabankans, bankanna og Lánastofnunar sparisjóðanna. Formaður nefndarinnar, sem er undir yfirstjórn viðskiptaráðuneytisins, skal vera úr ráðuneytinu. Kostnaður af starfi nefndarinnar skal greiddur af leyfisgjöldum, sbr. 5. gr.

Samstarfsnefnd fjallar m.a. um innflutnings- og gjaldfrestsmál og gjaldeyrisyfirfærslur sem þarfnast sérstakra heimilda eða falla utan við starfsreglur þær sem bönkum og sparisjóðum eru settar. Hún skal ennfremur fylgjast með framkvæmd þessara mála og sjá um að fyllsta samræmis sé gætt við afgreiðslu þeirra milli bankanna og sparisjóðanna.

4. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins vörur sem háðar eru leyfum nema gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi hafi verið veitt fyrir þeim. Bankar og sparisjóðir annast útgáfu gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfa í umboði viðskiptaráðuneytisins og eftir reglum sem það setur í samráði við Seðlabankann. Falli umsókn utan þessara reglna skal henni vísað til samstarfsnefndarinnar sem gefur viðkomandi banka eða sparisjóði nánari fyrirmæli um afgreiðslu hennar.

Óheimilt er að bjóða til sölu eða framselja gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi.

5. gr.

Hver sá sem fær gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi greiði banka eða sparisjóði 1% af fjárhæð þeirri sem leyfið hljóðar upp á.

Undanþegin leyfisgjaldir eru:

- a. leyfi fyrir bensíni og brennsluólíum sem falla undir tollskrárnúmer 2710.0019, 2710.0060 og 2710.0070 og flutningsgjöld af þessum vörum;
- b. greiðsla vörukaupalána sem tekin eru til mest sex mánaða;
- c. leyfi fyrir námskostnaði.

Þriðjungur leyfisgjaldsins rennur til samstarfsnefndar um gjaldeyrismál, m.a. til að standa straum af kostnaði banka og sparisjóða við útgáfu og tölvuskráningu leyfa, svo og skýrslugerðir, en afgangur í ríkissjóð.

6. gr.

Bankar og sparisjóðir skulu reglulega senda Seðlabankanum sundurliðaðar upplýsingar um útgefin gjaldeyris- og innflutningsleyfi, greiðslufrest og vörukaupalán, skv. fyrirmælum hans.

7. gr.

Með tilvísun til ákvæða tollalaga nr. 55/1987, sbr. einkum 18. gr. þeirra, og reglna á grundvelli laganna, er gjaldeyriseftirlitinu heimilt að ákveða að afgreiðsla gjaldeyris, almennt eða í sérstökum tilvikum, sé háð skilyrðum sem það kann að setja um frágang og efni vöru- eða innkaupareikninga.

Það er skilyrði hvers konar gjaldeyris sölu og -kaupa að viðskiptavinir gefi upp í gjaldeyrisafgreiðslu kennitölu/nafnnúmer eða kennitölu / fyrirtækjanúmer eftir því hvort um einkaviðskipti eða verslunarviðskipti er að ræða.

III. KAFLI

Gjaldeyrisskil og gjaldeyrisreikningar.

8. gr.

Allur erlendur gjaldeyri, sem innlendir aðilar eiga eða eignast fyrir seldar vörur og þjónustu eða á annan hátt, skal seldur eða honum skilað til banka eða sparisjóðs innan eðlilegs frests frá því að gjaldeyriinn komst eða gat komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans, sbr. þó 9., 10. og 11. gr. þar sem nánar er kveðið á um sölu og skilaskyldu gjaldeyris.

9. gr.

Innlendum aðilum, sem eiga eða eignast erlendan gjaldeyri fyrir annað en útflutning á vörum eða þjónustu, er heimilt að leggja hann inn á innlendan gjaldeyrisreikning hjá íslenskum banka eða sparisjóði. Sama rétt hafa íslenskir ríkisborgarar, búsettir erlendis, og fyrirtæki erlendis sem hérlendir aðilar eiga meirihluta í.

Þó er skylt að selja banka eða sparisjóði þann erlenda gjaldeyri sem innlendir aðilar fá fyrir endurgreiðslur fyrir innfluttar vörur og aðrar endurgreiðslur ef forsenda fyrir greiðslu hefur brostið eða upphæð breyst af einhverjum ástæðum.

Bönkum og sparisjóðum, sem veita lán vegna framleiðslu útflutningsafurða eða vegna útfluttrar þjónustu, er heimilt að áskilja að gjaldeyri, sem inn kemur vegna útfluttra afurða eða þjónustu, greiðist inn á sérstaka bundna gjaldeyrisreikninga. Sé gjaldeyrisandvirði veðsett viðkomandi banka og sparisjóði eða ávísað honum með öðrum hætti skal slíkum samningum fyrst fullnægt.

Gjaldeyri þeim sem eftir stendur, þegar skilyrðum banka og sparisjóða hefur verið fullnægt skv. 3. mgr., er eiganda heimilt að leggja tímabundið inn á sérstakan útflutningsreikning og ráðstafa fé af honum til greiðslu á þeim kostnaði í erlendri mynt sem starfseminni fylgir, svo sem vegna kaupa reikningseiganda á erlendri vöru og þjónustu, eða með sölu til innlands banka eða sparisjóðs.

10. gr.

Útgerðarmönnum skipa, sem selja fisk eða fiskafurdir á erlendum markaði, er heimilt að draga frá söluandvirði í hlutaðeigandi ferð skyldugreiðslur til skipverja og nauðsynlegan kostnað vegna afgreiðslu og veru skipanna erlendis, svo og andvirði nauðsynja til skipsins, m.a. veiðarfæra vegna útgerðar þess.

11. gr.

Eftirtöldum aðilum er heimilt að geyma erlendan gjaldeyri, sem þeir eiga eða eignast vegna viðskipta sinna, hjá erlendum bönkum eða erlendum viðskiptaaðilum, enda sé ekki um óeðlilegar fjárhæðir að ræða, og geta þeir ráðstafað honum þaðan til viðurkenndra greiðslna vegna viðskipta við erlenda aðila:

- a) Eigendum íslenskra flutningstækja sem starfrækt eru að hluta eða öllu leyti erlendis. Geta þeir til viðbótar ofanskráðu ráðstafað gjaldeyrinum til samningsbundinna greiðslna til áhafna skv. kjarasamningi.
- b) Innlendum aðilum sem reka fyrirtæki erlendis, vegna reksturs þeirra.
- c) Innlendum váttryggingarfélögum sem endurtryggja erlendis í erlendum gjaldeyri eða taka að sér tryggingar erlendis.
- d) Innlendum aðilum sem fá umboðslaunatekjur frá viðskiptaaðilum.

12. gr.

Ráðstöfun fjár af reikningum skv. 9., 10. og 11. gr. er háð reglum á hverjum tíma um innflutning vara skv. innflutningsleyfum.

Seðlabankinn setur nánari reglur um innlenda gjaldeyrisreikninga og notkun erlendra reikninga, þ.á m. um innstæðutíma og upplýsinga- og söluskyldu, sbr. 9., 10. og 11. gr., að höfðu samráði við ráðuneytið og að fengnu álitni samstarfsnefndar um gjaldeyrismál.

13. gr.

Í samráði við samstarfsnefnd um gjaldeyrismál getur gjaldeyriseftirlitið sett skilyrði um notkun viðurkenndra greiðslukorta erlendis.

IV. KAFLI

Um erlend lán og greiðslufrest.

14. gr.

Ráðuneytið setur, að höfðu samráði við Seðlabankann, reglur um erlendar lántökur, fjármögnunar- og kaup-leigusamninga og greiðslufrest.

15. gr.

Bankar og sparisjóðir mega semja um yfirdráttarheimildir í erlendum bönkum enda geri þeir Seðlabankanum grein fyrir þeim samningum. Notkun yfirdráttarheimilda skal ekki vera meiri en sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka eða sparisjóðs á sama tíma. Verði yfirdráttur banka eða sparisjóðs meiri en þessu nemur skal bankinn eða sparisjóðurinn hafa komið yfirdrættinum í rétt horf innan viku. Seðlabankinn getur veitt undanþágu frá þessari reglu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

16. gr.

Erlend lántaka hjá fjölskylduaðilum, búsettum erlendis, er heimil þegar útborgun og skráning hennar fer fram í innlendum banka eða sparisjóði og lánsfjárhæðir til sama aðila nema eigi hærri fjárhæð en kr. 3 000 000 á ári eða jafnvirði 60 000 Evrópumynteininga (ECU) hvort sem herra er.

17. gr.

Peir sem taka erlend lán eða fá greiðslufrest erlendis til lengri tíma en sex mánaða skulu leggja sem fyrst fyrir gjaldeyriseftirlitið lánskjöi og önnur þau gögn sem snerta lántökuna og í síðasta lagi þegar lánsfjárhæðin er hafin eða notuð. Bankar og sparisjóðir skulu afgreiða slík skjöl að höfðu samráði við gjaldeyriseftirlitið.

18. gr.

Innlendum aðilum er óheimilt án leyfis hlutadeigandi yfirvalda að veita erlendum aðilum lán, setja tryggingu, ganga í ábyrgð til hagsbóta fyrir þá eða takast á hendur slíka ábyrgð fyrir erlenda aðila gagnvart innlendum aðila.

Þá er innlendum aðilum og óheimilt án leyfis gjaldeyriseftirlitsins eða annarra hlutadeigandi yfirvalda að framselja eða veðsetja erlendum aðilum verðmæti á Íslandi eða erlendis án þess að greiðsla komi fyrir.

Ekki þarf þó slíkt leyfi ef afhendingin er liður í arfsúthlutun eða fullnustugerð vegna skulda sem löglega er til stofnað en hlutadeigandi stjórnvöld skulu tilkynna gjaldeyriseftirlitinu slíka afhendingu til skráningar.

19. gr.

Innlendum aðilum er skylt að tilkynna gjaldeyriseftirlitinu fjármagnsframlög í atvinnurekstur frá erlendum aðilum og flutning þeirra til landsins enda séu slík framlög heimil að lögum.

20. gr.

Að fengnu samþykki banka eða sparisjóðs er innflytjendum kornvara, olíuvara, járns, timburs og hliðstæðra magnvara heimilt að gera samninga fyrirfram um slík vörukaup til landsins og tryggja sér kaup á gjaldeyri til greiðslu á þeim á ákveðnu gengi, skv. nánari samningum við innlenda banka eða sparisjóði, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

- 1) Vörunar komi til landsins innan sex mánaða frá samningsgerð.
- 2) Innflytjandi greiði banka eða sparisjóði kaupverð þess gjaldeyris sem hann tryggir sér um leið og samningur er gerður enda sé frumrit samningsins jafnframt lagt fram.
- 3) Banki eða sparisjóður geymi gjaldeyrinn á reikningi þar til greiða þarf erlenda aðilanum og öll skjöl fari um hendur hans.

21. gr.

Innlendum aðilum er óheimilt að kaupa fasteignir erlendis nema að fengnu leyfi Seðlabankans. Kaup innlendra aðila á erlendum verðbréfum skulu háð þeim reglum sem ráðuneytið setur að höfðu samráði við Seðlabankann.

Innlendir aðilar sem eiga eignir erlendis, svo sem fasteignir og verðbréf, skulu skrásetja þær hjá gjaldeyriseftirlitinu.

Ráðstöfun á andvirði eigna þessara og tekjum af þeim er háð samþykki Seðlabankans.

22. gr.

Heimilt skal að yfirfæra til útlanda, eftir reglum sem ráðuneytið setur, fjárhæðir er aðilar, sem flytjast eða eru fluttir búferlum til útlanda, eiga eða eignast, svo sem reikningsinnstæður, andvirði seldra eigna, arf eftir þá sem búsettir eru hér á landi við andlát, andvirði líf- og lífeyrstrygginga og útdreginna skuldabréfa, endurgreiðslu lána, geymslufé, tekjur af eignum, eftirlaun, lífeyri o.þ.h.

V. KAFLI

Um verslun banka eða sparisjóðs með erlendan gjaldeyri o.fl.

23. gr.

Auk Seðlabankans hafa bankar, sparisjóðir og Lánastofnun sparisjóðanna rétt til að versla með erlendan gjaldeyri innan marka sem Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ráðherra. Póststjórninni er einnig heimilt að versla með erlendan gjaldeyri innan marka sem Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ráðherra.

Gistihús, ferðaskrifstofur, verslunaraðilar og aðrir, sem skipta við erlenda ferðamenn, hafa heimild til að skipta erlendum gjaldeyri þeirra. Þeim gjaldeyri skal skilað til banka eða sparisjóðs án óeðlilegs dráttar. Þessum aðilum er ekki heimilt að veita viðtöku andvirði útflutningsvara en þau viðskipti skulu öll fara um hendur banka eða sparisjóðs. Upplýsingar um eðli viðskiptanna skulu fylgja við sölu gjaldeyrisins.

24. gr.

Um útflutning og innflutning peningaseðla og hvers konar myntar, minnispeninga, gulls og annarra dýrra málma, ennfremur skuldabréfa, verðbréfa og hvers konar skuldbindinga sem hljóða upp á greiðslur í íslenskum eða erlendum gjaldeyri, skal fara eftir reglum Seðlabankans. Skulu slíkar reglur auglýstar í Lögbirtingablaðinu.

VI. KAFLI

Gjaldeyriseftirlit.

25. gr.

Verkefni gjaldeyriseftirlitsins eru einkum þessi:

- a. Að hafa eftirlit með því að erlendum gjaldeyris fyrir vörur, þjónustu eða annað sé seldur eða honum skilað til banka eða sparisjóðs.
- b. Að hafa eftirlit með því, með aðstoð banka eða sparisjóðs, að erlendum gjaldeyris, sem bankarnir eða sparisjóðirnir selja, sé notaður eins og til var ætlast.
- c. Að fylgjast með meiri háttar fjármagnsfærslum til og frá landinu, m.a. lántökum og uppgjöri á samningum varðandi mannvirkjagerð og í því sambandi flutningi tækja til og frá landinu og þess háttar. Skal, eftir því sem hægt er, fylgst með meðferð skjala og færslum jafnóðum og þær fara fram og því fylgt eftir í samvinnu við banka og sparisjóði að farið sé eftir settum reglum.

- d. Að fylgjast með þeim gjaldeyrisviðskiptum sem fara fram án milligöngu banka og sparisjóða.
- e. Að fylgjast með framkvæmd reglna um gjaldeyrisviðskipti, þ.á m. notkun gjaldfrests og leyfa, svo og reikningshaldi innlendra gjaldeyrisreikninga.
- f. Að setja reglur um meðferð útflutningsskjala og vöruskjöl.
- g. Önnur verkefni sem því eru falin.

26. gr.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að gera gjaldeyriseftirlitinu fullnægjandi grein fyrir gjaldeyrisviðskiptum sínum, þ.m.t. lántökum og flutningi fjármagns, og veita því nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Gjaldyriseftirlitið getur krafist allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru að þess mati vegna starfsemi þess, bæði frá viðskipta- og einkaaðilum og eins frá stofnunum og starfsmönnum þeirra. Það getur kvatt á sinn fund menn til munnlegrar skýrslugjafar. Ennfremur hefur það rétt til að kanna reikninga og bókhald, svo og að framkvæma á starfsstað nauðsynlegar athuganir.

27. gr.

Gjaldyriseftirlitið getur í starfi sínu krafist hvers konar upplýsinga, aðgangs að og afhendingar á skjölum frá öðrum opinberum aðilum, þ.á m. innlánsstofnunum, skatt-, toll- og verðlagsyfyrvöldum. Því er og heimilt að veita sömu aðilum upplýsingar og afhenda þeim nauðsynleg gögn.

28. gr.

Gjaldyriseftirlitinu er heimilt að stöðva tímabundið gjaldeyrissölu og gjaldeyrisafgreiðslur, þ.m.t. erlendar lántökur til þeirra aðila sem að þess mati hafa brotið settar gjaldeyrisreglur, þ.á m. um skilaskyldu gjaldeyris, notkun gjaldfrests, skýrslugerð og önnur atriði er gjaldeyrisviðskipti varða. Ákvörðun um þetta má áfrýja til ráðuneytisins en slíkt málskot stöðvar þó ekki framkvæmd ákvörðunar.

Gjaldyriseftirlitið tilkynnir bönkunum og sparisjóðunum ákvörðun um stöðvun gjaldeyrissölu og ber þeim að sjá um framkvæmd ákvörðunarinnar og veita gjaldyriseftirlitinu nauðsynlega aðstoð í því sambandi.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

29. gr.

Seðlabankinn getur við óvenjulegar aðstæður, svo sem þegar óvissa ríkir í gjaldeyris- málum innanlands eða utan, einhliða fellt niður gengisskráningu.

Bönkunum og sparisjóðunum er þó heimilt að annast nauðsynlegar yfirfærslur á meðan gengi er ekki skráð enda sé áskilin hæfileg trygging í samráði við Seðlabankann við afhendingu gjaldeyrisins og gengið endanlega frá greiðslu hans strax og gengi hefur verið skráð að nýju.

30. gr.

Þeim sem annast framkvæmd þessarar reglugerðar er bannað, að viðlagðri ábyrgð skv. ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara, sbr. þó ákvæði 27. gr. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

31. gr.

Aðilum, sem viðskipti hafa með erlendan gjaldeyri, er skylt að veita viðskiptaráðuneytinu og gjaldeyriseftirlitinu allar þær upplýsingar sem óskað kann að verða um gjaldeyrismál.

32. gr.

Sá sem gefur aðilum, er annast framkvæmd þessarar reglugerðar, rangar skýrslur skal sæta refsingu skv. 15. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað má auk sektar dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að fjórum árum.

Þá má svipta sökunaut atvinnurétti, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga, um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á reglugerð þessari fara að hætti opinberra mála.

33. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 63 31. maí 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og lögum nr. 36 5. maí 1986 um Seðlabanka Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 519 14. desember 1979 um skipan gjaldeyris- og innflutningamála, með áorðnum breytingum.

Viðskiptaráðuneytið, 29. apríl 1988.

Jón Sigurðsson.

Þórhallur Ásgeirsson.